



Fundargerð

**15. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmdu í stofnunum Reykjanesskóli
haldinn að Tjarnargötu 12, 2. mars 2023 kl. 14:30**

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu.
Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

* * *

1. Innkaup, verðkannanir, útboð, samningar

- Farið yfir tilhögun á útfærslum, tímalínur og fleira.
- Útboði á gluggum í Myllubakkaskóla er lokið. Farið var yfir tilboð sem bárust. Byggingarnefnd samþykkir að taka tilboði frá Húasmiðjunni.
- Byggingarnefnd óskar eftir fundi um útboð stórra verkbátta í Myllubakkaskóla og Holtaskóla næstkomandi mánudag, 6. mars, með bæjarlögmanni, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs, innkaupastjóra og fulltrúa Consensa.

2. Holtaskóli

- Tekin hefur verið ákvörðun um að loka Holtaskóla vegna loftgæða og framkvæmda og verður síðasti skóladagur í húsnæði skólans 3. mars. Þetta var kynnt á starfsmannafundi og bréf sent til foreldra. Starfsdagar verða 6. og 7. mars en kennsla hefst að nýju 8. mars. Kennsla fyrir 1.-3. bekk verður í íþróttahúsi og færðanlegum einingum við Holtaskóla, 4.-7. bekkur verða í Hljómahöll og tónlistarskóla og 8.-10. bekkur flytjast í húsnæði Keilis á Ásbrú.
- Verkefnisstjóra falið að ráða burðarþols- og lagnahönnuði.

3. Garðasel

- Bæjarstjóri kynnti verklag vegna óska um nýjar framkvæmdir. Byggingarnefnd mun vinna þarfagreiningu vegna byggingar nýs leikskóla að Garðasel.
- Farið yfir mótvægisáðgerðir sem fara þarf í þar til hægt er að fara í stærri framkvæmdir. Bæta þarf loftgæði sem fyrst.

4. Njarðvíkurskóli

Unnið er að lagfæringum á rakaskemmdum í nokkrum rýmum bæði í skólanum og í Björkinni. Fara þarf í frekari lagfæringar í Björkinni og verður farið í þær á næstunni.

5. 88 Húsið

Farið verður í þrif næstkomandi þriðjudag á rými þar sem skemmdir fundust.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesskóli mánudaginn 6. mars kl. 14:30.